

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 122/1995.

Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.

(Árni Vilhjálmsson hrl.)

Pór Skjaldberg

(Kjartan Ragnars hrl.) og

Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Berglindi Björnsdóttur

(Hákon Árnason hrl.) og

gagnsök

Skaðabótamál. Örorka. Sakarskipting. Umferðarlög. Torfærutæki. Skráningarskylda. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnum 10., 25. og 27. apríl 1995. Þeir krefjast hver um sig aðallega sýknu, en til vara stórfelldrar lækkunar á fjárkröfum gagnáfrýjanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. maí 1995. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér að óskiptu 12.648.630 krónur með 3% ársvöxtum frá 2. júní 1990 til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. október sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, slasaðist gagnáfrýjandi á vélsléða á Drangajökli 2. júní 1990. Gagnáfrýjandi reisir kröfu sína á hendur aðaláfrýjendum á því, að þeir beri sameiginlega ábyrgð á tjóni hennar, þar sem vélsléðinn hafi hvorki verið skráður né váttryggður lögum samkvæmt. Óumdeilt er, að aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg hafði eignast þennan sléða í janúar 1990 fyrir einhvers konar milligöngu aðaláfrýjanda Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar, en sléðinn var einungis forskráður á nafn innflytjandans, aðaláfrýjanda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. Jafnframt er leitt í ljós, að aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg hafði sérstaklega óskað þess, að sléðinn yrði ekki skráður á sitt nafn fyrst um sinn. Hefur hann ekki gefið viðhlítandi skýringar á þeirri beiðni við meðferð málsins.

II.

Samkvæmt 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal skrá torfærutæki og setja á það skráningarmarki, áður en það er tekið í notkun. Vélsléði telst vera torfærutæki eftir skilgreiningu í 2. gr. laganna. Í umferðarlögum er ekki sagt, á hverjum þessi skráningarskylda hvíli. Í 2. gr. reglugerðar nr. 523/1988 um skráningu ökutækja segir hins vegar, að eigandi ökutækis eða sá, sem á vegum eigandans hefur umráð þess, t. d. innflytjandi eða framleiðandi, beri ábyrgð á því, að ökutæki sé skráð. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skal innflytjandi færa ökutæki til forskráningar. Áður en ökutæki verður endanlega skráð, skal það á hinn bóginn hafa fengið viðurkenningu Bifreiðaskoðunar Íslands, og skal þá eigandi eða sá, sem á vegum eigandans hefur umráð ökutækisins, hafa lagt fram gögn um tollafgreiðslu og lög-mæltu váttryggingu, sbr. 3. mgr. 4. gr.

XIII. kafli umferðarlaga um fébætur og váttryggingu hefur að geyma hlutlægar ábyrgðarreglur, sbr. 88. og 89. gr. Samkvæmt 90. gr. ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur á grundvelli þessara reglna, sbr. lög nr. 44/1993. Um váttryggingarskyldu er mælt í 91. og 92. gr. umferðarlaga, en samkvæmt 93. gr. hvílir hún á eiganda ökutækisins eða þeim, sem hefur varanlega umráð þess.

Framangreind laga- og reglugerðarákvæði verður að skýra þann-

ig, að meginábyrgð og skyldur við skráningu og vátryggingu vélknúins ökutækis hvíli á raunverulegum eiganda þess, ef um hann er vitað, en hann er jafnan skráningarskyldur. Varanleg umráð annars en eiganda geta leitt til þess, að ábyrgðin færist yfir á umráðamanninn. Í þessu máli er enginn vafi um það, að aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg var eigandi hins umrædda vélsleða, þegar slysið varð 2. júní 1990. Er hann því einn fébótaskyldur samkvæmt 90. gr. umferðarlaga, sbr. 88. gr., enda liggur ekki fyrir, að nokkur annar hafi haft umráð sleðans, eftir að þessi aðaláfrýjandi eignaðist hann.

III.

Við mat á eigin sök gagnáfrýjanda þykir óhjákvæmilegt að líta til þess, að hún neytti áfengis við akstur sleðans og nýtti sér ekki tiltækan öryggishjálmi, þótt bein lagaskylda hafi ekki legið til þess. Þá sinnti hún ekki nægjanlega viðvörunum og ábendingum reyndra samferðamanna, meðal annars um akstur niður Unaðsdal. Með þessum athugasemdum verður fallist á umfjöllun héraðsdómara um gáleysismat, en þó þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálf að þremur fimmtu hlutum.

IV.

Á það er fallist með héraðsdómi, að örorkumat Sigurðar Thorlacius læknis 15. desember 1993 verði lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Hann mat varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins 50%, en hann hafði áður komist að sömu niðurstöðu 3. febrúar 1992. Tímabundin örorka var talin 100% í sex mánuði. Í málinu hafa ekki verið færð fullnægjandi rök fyrir því, að þetta örorkumat sé annmörkum háð. Fyrir liggja tveir útreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 9. júlí 1992 og 4. janúar 1995, og er gerð grein fyrir þeim í hinum áfrýjaða dómi. Tekjur gagnáfrýjanda til frambúðar eru þar áætlaðar 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna. Ekki hefur verið sýnt fram á, að hér sé um óeðlilega viðmiðun að ræða með hliðsjón af öllum aðstæðum gagnáfrýjanda. Á það má þannig fallast með héraðsdómi, að síðari örorkutjónsútreikningurinn verði hafður til hliðsjónar við ákvörðun bóta, en hin tímabundna örorka gagnáfrýjanda hefur ekki áhrif á mat á tekjum hennar fyrir slys. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykja bætur

vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku þar hæfilega ákveðnar eða 6.000.000 króna. Hins vegar þykir rétt, að miski gagnáfrýjanda verði bættur með 200.000 krónum.

Samkvæmt framansögðu þykir tjón gagnáfrýjanda hæfilega metið 6.200.000 krónur. Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg skal gjalda henni bætur vegna þess að tveimur fimmtu hlutum eða 2.480.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað verður staðfest.

Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, en aðrir aðaláfrýjendur skulu bera sinn kostnað málsins.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. og Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Berglindar Björnsdóttur.

Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg greiði gagnáfrýjanda 2.480.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júní 1990 til uppsögudags þessa dóms, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað gagnáfrýjanda í héraði er staðfest.

Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg greiði gagnáfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Á það verður að líta sem eitt af meginmarkmiðum umferðarlaga nr. 50/1987 og reglna um skráningu ökutækja, sbr. hér reglugerð nr. 523/1988, að vélknúnum ökutækjum verði ekki komið í umferð, án þess að áður hafi verið frá því gengið undir opinberu eftirliti, að

tækin séu nothæf og váttrygging tekin fyrir tjóni á mönnum og munum, er af þeim kunni að hljóta. Þessi meginregla liggur ljós fyrir eftir ákvæðum laganna og reglugerðarinnar, og má jafnframt minna á, að skráning ökutækja er ekki lögbundin vegna eignarréttarverndar nema öðrum þræði, heldur af öryggisástæðum.

Ætla verður, að aðaláfrýjandinn Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. hafi verið eigandi vélsleðans í máli þessu, er hann kom til landsins. Samkvæmt forskráningu á sleðanum var félagið enn eigandi hans, þegar slysið bar að höndum. Hafði það ekki gefið út afsal, sölureikning eða önnur skilríki um eigendaskipti á tækinu, heldur aðeins tekið við greiðslum á kaupverði. Ekki er leitt í ljós, að aðaláfrýjandinn Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson hafi almennt stundað umsýslu fyrir félagið við sölu þess á ökutækjum, og verður milliganga hans við sleðakaupin í þetta sinn vart talin þess eðlis eða annars til þess fallin að skilja milli félagsins og hins endanlega kaupanda. Hins vegar virðist ljóst, að Brynjólfur Gunnar hafi neytt aðstöðu sinnar vegna samstarfs við félagið til að gera aðaláfrýjandanum Þór Skjaldborg kleift að taka við sleðanum, án þess að skráningu tækisins og váttryggingu yrði þá þegar komið í það horf, er svaraði umráðum hans.

Við þessar aðstæður verður ekki á það fallist, að félagið og Brynjólfur Gunnar eigi að vera án ábyrgðar af því, að sleðinn var ekki váttryggður lögum samkvæmt. Með vísan til fyrrgreindra athugasemda og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber þannig að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að aðaláfrýjendur verði allir að bera óskipta ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda af slysinu.

Það setti svip á gáleysi gagnáfrýjanda við akstur hennar á sleðanum, að hún notaði ekki öryggishjál. Á hinn bóginn er ósannað, að meiðsl hennar af höfuðhögginu hefðu annars orðið afdrifaminni, en þau voru öll innvortis. Með þessari athugasemd er ég samþykkur þeirri niðurstöðu annarra dómenda, að hún verði sjálf að bera tjón sitt að þremur fimmtu hlutum.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða mín, að dæma beri aðaláfrýjendur að óskiptu til að greiða gagnáfrýjanda þær fjárhæðir í skaðabætur og málskostnað, sem til eru teknar í atkvæði annarra dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. janúar sl., er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. mars 1993 og sakaukastefnu, birtri 19. febrúar 1994, af Berglindi Björnsdóttur, kt. 150566-5179, Hofteigi 22, Reykjavík, á hendur Þór Skjaldborg, Hraunteigi 23, Reykjavík, kt. 200357-3459, Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf., Ármúla 13, Reykjavík, kt. 440169-7089, og sakaukastefnda, Brynjólfi Gunnari Brynjólfssyni, kt. 260256-9219, Tunguvegi 19 a, Reykjavík, persónulega og vegna einkafirma hans Vélsleðapjónustunnar, kt. 541087-2579, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að óskiptu, að fjárhæð 12.648.630 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda Þórs Skjaldborg er þess aðallega krafist, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar [...]. Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda á hendur stefnda Þór Skjaldborg verði lækkuð verulega og að það, sem þá stendur eftir, verði stefnandi að stórum hluta að bera sjálf vegna eigin sakar. Þá er og þess krafist, að verði stefndi Þór Skjaldborg dæmdur bótaskyldur, verði tekið tillit til almennra velferðarsjónarmiða við ákvörðun bótagreiðslna hans. Í þessum þætti kröfugerðar stefnda er þess krafist, að dæmt verði, að hvor aðila skuli bera sinn hluta málskostnaðar.

Af hálfu stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. er þess aðallega krafist, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning. Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda á hendur stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. verði stórlega lækkuð og í því tilviki dæmt, að hvor aðila skuli bera sinn hluta málskostnaðar.

Af hálfu sakaukastefnda, Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar persónulega og vegna Vélsleðapjónustunnar, er þess aðallega krafist, að hann verði al-sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda á hendur honum verði stórlega lækkaðar og dæmt, að hvor aðili skuli bera sinn kostnað af málinu.

Sakaukastefndi krafðist þess í upphafi, að stefnanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu í samræmi við 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Þessari kröfu var hafnað með úrskurði, upp kveðnum 29. apríl sl.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig: Laugardaginn 2. júní 1990 hafi stefnandi, Berglind Björnsdóttir, verið í vélsleðaferð á Drangajökli ásamt

stefnda Þór Skjaldberg og öðrum pilti og stúlku. Hafi þau slegist þar í för með 30-40 manna hópi vélsleðafólks. Enginn sérstakur leiðsögumaður hafi verið fyrir hópnum. Ferðinni hafi verið hagað þannig, að fremstir hafi farið þeir, sem kunnugir voru, en aðrir fylgt síðan í sleðaför þeirra. Stefndi Þór Skjaldberg hafi fengið Berglindi til aksturs vélsleða, sem hann átti, af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650. Sjálfur hafi stefndi Þór ekið öðrum vélsleða. Berglind hafi verið með ökuréttindi og áður tekið í vélsleða, en kveðst hafa verið þeim óvön. Hún hafi dreypt eitthvað á áfengi í ferðinni, en telur sig hafa verið ódrukkna við aksturinn.

Stefndi Þór hafi í lögregluskýrslu 20. júní 1991 sagst hafa keypt vélsleðann nýjan af stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. í janúar 1990. Þegar mál hafði verið höfðað, hélt hann því hins vegar fram í greinargerð, að kaupin hefðu farið fram með milligöngu sakaukastefnda Gunnars Brynjólfssonar í fyrirtæki hans, Vélsleðapjónustunni. Vélsleðapjónustan hafi selt aðalstefnda Þór Skjaldberg hinn ótryggða vélsleða, sem stefnandi slasaðist á, annaðhvort í umboði aðalstefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. eða beint sem seljandi. Sleðann hafi Þór fengið afhentan óskráðan og ótryggðan, og hafi stefndi Þór ekki heldur hirt um að fá sleðann skráðan eða tryggðan. Hafi vélsleðinn því verið óskráður og hvorki ábyrgðar- né ökumannstrygging í gildi vegna hans, þegar slysið varð. Beri aðalstefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. og sakaukastefndi, Vélsleðapjónustan, skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna vangæslu við að sjá til þess, að vélsleðinn væri váttryggður lögboðinni ábyrgðar- og ökumannstryggingu, áður en hann var seldur og afhentur. Aðalstefndi Þór beri ábyrgð vegna vanrækslu sinnar sem eigandi við að skrá og tryggja vélsleðann. Heldur stefnandi því fram, að henni hafi verið allt þetta ókunnugt.

Á leið frá Hljóðabungu niður í Unaðsdal hafi Berglind ekið sleðanum út úr förum sleðanna, sem á undan fóru. Í hvílt vegna snjósigs, um það bil 1,5 metra djúpri og 4-5 metra breiðri að sögn, hafi sleðinn tekist á loft. Hafi Berglind lent með höfuðið á lórantæki á sleðanum, þegar hann skall niður aftur, en kastast síðan frá honum og legið eftir meðvitundarlaus. Björgunarskýrsla frá Landhelgisgæslunni hafi strax verið kvödd á vettvang og flutt Berglindi á Borgarspítalann í Reykjavík þar sem hún hafi legið frá 2. júní til 20. júní 1990. Hafði hún hlotið heilamar og rof á ásgörn.

Stefnandi kveðst hafa verið algjörlega óvinnufær fram í desembermánuð 1990 og haft mjög skerta vinnugetu upp frá því. Hafi hún reynt að vinna á síma hjá BSR, en orðið að hætta því. Þá hafi hún fengið vinnu hjá Hans Petersen, en verið sagt upp vinnu þar vegna vanhæfni til að sinna starfinu, eins og hún hafi verið á sig komin. Kveðst hún einkum hafa þjáðst af

höfuðverkjum, svimaköstum, minnisskerðingu, einbeitingarörðugleikum, svefntruflunum, og bragðskyn hafi tapast. Eftir útskrift af Borgarspítala hafi hún áfram verið undir hendi lækna á spítalanum og einnig Ólafs Mixa heilsugæslulæknis. Til Elíasar Ólafssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum, hafi hún leitað í september 1991 vegna afleiðinga slyssins, og liggi álitserð hans fyrir í málinu. Niðurstaða hans sé: „Margvísleg einkenni, sem öll má rekja til alvarlegs höfuðáverka fyrir 14 mánuðum. Öll þau einkenni, sem Berglind lýsir, eru algeng eftir alvarlega höfuðáverka og hafa verið nefnd „post concussion syndrome“, sem stafa af útbreiddum vefjaskaða í heila, og er þetta frekar staðfest af útbreiddum litlum blæðingum í heila strax eftir slysið. Einkenni Berglindar eru svæsin og hafa valdið verulegri röskun á lífi hennar og gert hana óvinnufæra með öllu . . . Horfur á fullkomnum bata eru óvissar, en góðar líkur eru á, að einkenni hennar lagist að einhverju leyti, en ár geta liðið, áður en hún nær verulegum bata.“

Dr. Þuríður J. Jónsdóttir taugasálfræðingur hafi gert taugasálfræðilegt mat á stefnanda 26. nóvember 1991, og liggi það einnig fyrir í málinu. Séu niðurstöður hennar þessar: „Þó svo að almenn vitræn geta þessarar stúlku sé nokkuð góð, fer ekki á milli mála, að um umtalsverða truflun á eðlilegri heilastarfsemi er að ræða. Þessi truflun eða heilaskaði er trúlega bundinn við vinstri framheilasvæði (orbitofrontal-, Broca- og motorsvæði) og miðlæg heilakerfi. Skertur einbeitingarhæfileiki, yfirgripsmiklir minniserfiðleikar á alla þætti yrts og óyrts efnis, truflandi áhrif fyrri efnispátta á minni, talörðugleikar, skert hreyfigeta hægri handar, ákveðnir sjónrænir erfiðleikar, brenglað bragð- og lyktarskyn og persónuleikabreytingar renna öll stoðum undir þessa kenningu. Þessar niðurstöður koma heim og saman við upplifun og lýsingu Berglindar sjálfrar á eigin ástandi. Þunglyndi hennar og vonleysi stafa væntanlega m. a. af þeirri staðreynd, að dómgreind hennar er óskert og mat hennar á eigin ástandi raunsætt. Mér skilst, að liðið sé hátt á annað ár, frá því að slysið varð. Má því ætla, að frá taugasálfræðilegu sjónarmiði sé ástand Berglindar orðið nokkuð stabiliserað og lítil von um miklar breytingar til hins betra.“

Að viðbættum þessum tveimur álitserðum hafi Sigurður Thorlacius læknir metið örorku stefnanda af völdum slyssins 3. febrúar 1992. Segir þar, að nú sé liðið talsvert á annað ár, frá því að slysið varð, og því ekki að búast við umtalsverðum bata á afleiðingum þess. Hafi hann metið stefnanda 100% tímabundna örorku í sex mánuði frá slysdegi, en síðan 50% varanlega. Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hafi reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli meðallauna kvenna 9. júlí 1992. Hafi tjón vegna tímabundinnar örorku reiknast nema 536.700 krónum, vegna varan-

legrar örorku 8.988.200 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 539.300 kr., samtals 10.064.200 kr.

Stefndu hafi ekki fengist til að bæta stefnanda tjón hennar. Sundurliðist kröfur stefnanda sem hér segir:

1. Tjón vegna tímabundinnar örorku	kr.	536.700
2. Tjón vegna varanlegrar örorku	kr.	8.988.200
3. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	kr.	539.300
4. Miskabætur	kr.	2.500.000
5. Útlagður kostnaður	kr.	84.430
Samtals		kr. 12.648.630

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á því, að stefndu beri óskipta skaðabótaábyrgð á tjóni hennar fyrir þá sök að hafa ekki keypt lögboðna ábyrgðar- og ökumannstryggingu á vélsleðann, sem hún hafi slasast á við stjórn hans, en ökumannstrygging sleðans kveður hún myndu hafa bætt tjón sitt, ef verið hefði í gildi, er slysið varð. Hafi stefndu sem eigendum og umráðamönnum vélsleðans verið lögskylt að skrá hann og váttryggja ábyrgðar- og ökumannstryggingu, sbr. 63. gr., 91., 92. og 93. gr. umfl. nr. 50/1987, sbr. 2. gr., 4. og 5. gr. rgl. nr. 523/1988, en vélsleði sé skráningarskylt ökutæki skv. 63. gr. umfl., nánar tiltekið „torfærutæki“, sbr. skilgreiningu 2. gr. laganna. Hafi stefndu að lögum borið ábyrgð á því, að vélsleðinn væri ekki tekinn í notkun án skráningar og lögboðinnar ábyrgðar- og ökumannstryggingar. Stefndu hafi jafnframt mátt vera ljóst, að brot á skráningar- og váttryggingarskyldunni ylli því, að þolendur tjóns af völdum notkunar vélsleðans, ökumenn hans sem aðrir, nytu ekki váttryggingarverndar. Eigi að síður hafi stefndu komið vélsleðanum óskráðum og óváttryggðum í umferð. Beri stefndu því persónulega fébótaábyrgð á tjóni Berglindar á grundvelli tilvitnaðra lagaákvæða, almennu skaðabótareglunnar og dómafordæma, sbr. H. 1978, 379. Ekki séu efni til lækunar skaðabóta, þar sem bótaréttur úr slysstryggingu ökumanns geti ekki skerst, nema váttryggður hafi valdið tjóni sínu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi eða ekið ökuréttindalaus eða undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna, sbr. 18. gr., 20. gr. og 124. gr. vsl. nr. 20/1954 og slysstryggingarskilmála. Þarf jafnframt orsakarsamband milli þessa og slyssins. Eigi engin af greindum atvikum sannanlega við um Berglindi, er slysið varð. Berglind hafi og verið grunlaus um, að sleðinn væri ótryggður.

Um tölulegan rökstuðning fyrir kröfum Berglindar um fjártjóns- og miskabætur er vísað til örorkumats og örorkutjónsútreiknings, en skv. dómvenju séu þau gögn höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta.

Berglind hafi auk þráláttra líkamlegra og andlegra þjáninga orðið fyrir mjög mikilli röskun á stöðu sinni og högum. Eins og fram komi í mati dr. Púrðar J. Jónsdóttur, sé skerðing hæfileika hennar sérlega þungbær fyrir þær sakir, að dómgreind hennar sé óskert og hún geri sér því vel grein fyrir því, hversu mikils hún hafi misst. Berglind hafi átt einhvern vanda til þunglyndis fyrir slysið, en það hafi mjög ágerst. Með hliðsjón af þessu megi telja, að miskabótakrafa sé ekki úr hófi.

Krafist sé samkvæmt dómvenju sömu vaxta af bótum frá slysdegi til mánadag eftir ritun kröfubréfs og notaðir séu í líkindareikningi tryggingastærðfræðingsins, en dráttarvaxta frá þeim tíma. Sé krafa um dráttarvexti og vaxtavexti studd III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Kröfu um málskostnað reisi stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf.

Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. telur, að málsatvikum sé ekki réttilega lýst í stefnu, a. m. k. ekki að því er varði kaup á vélsleða og aðdraganda og atvik að slysi því, er stefnandi varð fyrir 2. júní 1990. Sé því óhjákvæmilegt að mati þessa stefnda að rifja upp sjálfstætt þau atvik, sem nauðsynlegt sé, að fram komi, til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst.

Stefnandi hafi verið 24 ára, þegar slysið varð. Hún hafi ekki þá og ekki síðan lokið neins konar námi, sem gæti orðið grundvöllur að meiri tekjum en hún fengi af almennri vinnu verkakvenna. Stefnandi hafi í mörg ár fyrir slysið haft stopular atvinnutekjur og ekki ílenst í neinu starfi.

Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. hafi m. a. umboð fyrir og annist innflutning og dreifingu á vélsleðum af gerðinni Arctic Cat. Stefnandi hafi viðskiptasamband m. a. við fjölda umsýsluaðila hér á landi, sem annist sölu á vélsleðum, sem stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. flytji inn. Meðal slíkra umsýsluaðila séu:

Höldur sf., vélsleðadeild, Akureyri,	kt. 445929-8303
Múlatindur sf., Ólafsfirði,	kt. 470269-4059
Flugfélagið Ernir, Ísafirði,	kt. 660670-0259
Vélsleðapjónustan, Suðurlandsbraut 14, Rv.	kt. 541087-2579

Gunnar Brynjólfsson eigi og reki Vélsleðapjónustuna, sem sé einkafirma hans. Fyrir liggi, að stefndi Þór Skjaldberg hafi keypt vélsleða þann af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650, sem stefnandi ók, er slysið varð, af Vélsleðapjónustunni. Því sé mótmælt sem röngu, að innflytjandi og/eða seljandi geti borið bótaábyrgð vegna slyss, sem verði við notkun vélsleða.

Af framangreindum ástæðum beri að sýkna stefnda Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.

— — —

Málsástæður og lagarök stefnda Þórs Skjaldberg.

Stefndi Þór Skjaldberg kveðst hafa keypt vélsleða í janúar árið 1990 af meðstefnda, Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf., fyrir milligöngu Vélsleðapjónustu Gunnars Brynjólfssonar. Gunnar Brynjólfsson eigi og reki þetta einkafirma, sem sé í sömu húsakynnum og stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. Við þessi viðskipti hafi Vélsleðapjónustan þó eingöngu verið milligönguaðili; hafi hún afhent stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. upptökusleða frá stefnda Þór Skjaldberg af gerðinni Arctic Cat, Cheetah, og farið síðan inn í geymslu hjá stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. og náð í nýjan sleða fyrir stefnda Þór Skjaldberg af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650. Ekki hafi verið gengið frá nauðsynlegum pappírnum við kaup þessi, og hafi stefndi Þór Skjaldberg því aldrei getað orðið skráður eigandi. Innflytjandinn, stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., hafi ekkert aðhafst til að skrá vélsleða þennan hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Stefndi Þór Skjaldberg hafi allan tímann verið í góðri trú, að skráningarmál og tryggingar væru í góðu lagi, enda hafi hann keypt sleðann af aðila, sem hafi haft áratugareynslu í innflutningsviðskiptum.

Síðla dags föstudaginn 1. júní 1990 hafi stefnandi, stefndi Þór, Jón Hinrik Garðarsson og Bryndís Bjarnadóttir haldið af stað í vélsleðaferð. Ferðinni hafi verið heitið yfir Drangajökul niður í Unaðsdal og sömu leið til baka, en ætlunin hafi verið að hafa bækistöð á miðri Steingrímsfjarðarheiði. Fjórmenningarnir hafi haldið frá Reykjavík og stefndi Þór verið ökumaður. Hvert þeirra hafi haft sinn sleða og stefnanda verið ætlaður áður nefndur vélsleði. Áður en ferð hófst, hafi verið keypt áfengi, og kveðst stefndi Þór hafa keypt m. a. tvo kassa af bjór og tvær þriggja pela vodkaflöskur, sem hann kveðst hafa ætlað sér og öðrum í hópnum. Kveður hann samferðafólkið hafa hafið áfengisneyslu, þegar komið var upp í Borgarfjörð, um kvöldmatarleytið, og hafi þau setið að sumbli alla leið norður að Klúku í Bjarnarfirði á Ströndum. Kveðst stefndi Þór hafa fylgst vel með áfengisneyslunni, enda verið ekill.

Þegar norður var komið, hafi þau fjórmenningarnir hitt fyrir hóp vélsleðafólks og farið inn í einn ferðabílinn, bíl Bjarna Gunnarssonar, en þar hafi verið gleðskapur. Hafi nú verið drukkið í rúmlega klukkutíma og gengið til náða um klukkan tvö.

Milli klukkan átta og níu að morgni 2. júní hafi verið haldið af stað, en fjórmenningarnir hafi fyrst þurft að fara til Hólmavíkur að ná í eldsneyti á vélsleðana. Frá Hólmavík hafi þau haldið upp á miðja Steingrímsfjarðarheiði og hafið þaðan vélsleðaferðina. Þau hafi fengið sér þar nokkra bjóra,

hvert um sig, og stefnandi hellt úr heilum pela af koníaki út í sérhannaða „hermannaflösku“, sem hún hafi haft festa í belti sínu. Síðan hafi verið lagt af stað og hver haft sinn öryggishjálmm meðferðis, en stefnandi ekki sett sinn hjálmm á höfuð sér.

Ekið hafi verið greitt á vélsleðunum, því að land hafi verið slétt og nokkuð um tjarnir, sem aka þurfti mjög hratt í vegna mótstöðu vatnsins. Miðja vegu milli bækistöðvar og jökuljaðars hafi verið staðnæmst til myndatöku og viðbótaráfengisdrykkju. Við jökuljaðar hafi þau hitt fyrir áður nefndan hóp vélsleðafólks, og hafi þá allir haldið að Reyðarbungu á Drangajökli. Á þeirri leið og á Reyðarbungu, þar sem áð hafi verið, hafi stefnandi ekið mjög glannalega, jafnvel innan um börn og unglinga. Fjölmargin, þ. á m. Erlingur Guðmundsson, Sigurjón Pétursson, Jón Hinrik Garðarsson og stefndi Þór hafi séð ríka ástæðu til að ávíta stefnanda fyrir aksturslagið og krefjast þess af henni að fara gætilega. Stefnandi hafi þó í engu breytt hátt-semi sinni.

Á Reyðarbungu hafi verið farið að bera verulega á áfengisáhrifum stefnanda. Hún hafi teygð koníak og drukkið bjór þess á milli. Þessi neysla hennar hafi verið sérlega áberandi, þar sem meginþorri viðstaddra hafi verið fjölskyldufólk, er ætlaði að njóta útiveru í friðsömu, hættulausu og fallegu umhverfi með börnum sínum.

Frá Reyðarbungu hafi verið haldið að Dalsá, og hafi þar verið ákveðið að mynda röð og að vanir vélsleðamenn færu fyrir hópnum, sem síðan kæmi í slóðina. Þessu hafi verið fylgt af öllum nema stefnanda. Hún hafi þeyst á mikilli ferð fram og til baka og myndað slaufur öllum til mikillar armæðu. Í öllum látunum hafi stefnandi fest vélsleða sinn í lítilli sprungu. Þurfti tvo fileflda karlmenn, stefnda Þór og Pál Kára Pálsson, til að losa sleðann, svo að geta meg nærri, hver hraðinn hafi verið. Lagðar séu fram myndir, sem teknar hafi verið við þetta tækifæri, þegar stefndi Þór hafi verið að ávíta stefnanda fyrir glannaaksturinn. Þar meg og sjá, að vélsleði stefnanda snúi í átt að jöklinum í öfuga akstursstefnu.

Eftir að vélsleði stefnanda var laus, hafi hún hoppað á hann og gefið allt í botn og það niður hlíðina, svo að hraðinn hafi verið mjög mikill, enda hafi hún þeyst fram hjá samferðafólkinu. Hafi stefnandi í engu skeytt því, þegar taska hennar féll af sleðanum. Hún hafi lent í snjósigi, um 1,5–2 metra djúpu, og þeyst upp úr því ofan í annað snjósíg, álíka djúpt, og lent á barmi þess. Í þessu flugi hafi höfuð hennar slegist í mælaborð sleðans eða lóran-tæki, sem þar var. Stefnandi og sleðinn hafi þeyst um 17 metra frá barmi síðarnefnda snjósígsins og stefnandi legið þar mikið slösuð og vélsleðinn rétt hjá illa skemmdur. Við hann hafi síðar verið gert af Vélaþjónustu Gunnars Brynjólfssonar og grind hans þá verið hent með grindarnúmerinu.

Viðstaddir hafi stumrað yfir stefnanda og Jón Hinrik tekið áðurnefnda „hermannafloku“ úr beltisól stefnanda. Hún hafi þá verið tóm. Þýrlandshelgisgæslunnar hafi sótt stefnanda og Anna Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur annast hana, hreinsað öndunarveg og munnhól. Hafi Anna fundið megna áfengislykt úr vitum stefnanda.

Stefnandi hafi ekki haft öryggishjálma á höfði, þó að skylt væri að lögum og hann verið með í ferðinni. Ekki sé óvarlegt að álykta, að öryggishjálmur hefði komið í veg fyrir höfuðmeiðsl stefnanda. Myndir, sem sýni aðstæður á slysstað, hafi verið lagðar fram í málinu. Þessar aðstæður gefi ekki tilefni til að ætla, að alvarlegt slys gæti orðið.

Stefnandi hafi unun af hraðskreiðum farartækjum. Fljótlega eftir sjúkrahússvist sína hafi hún farið að svipast um eftir vélsleða, aflmiklum, og fundið einn slíkan, sérútbúinn Arctic Cat, Wildcat 650, sem hún hafi síðar slasast á vegna glannaaksturs, en nánar sé vikið að þeirri ferð í aðilaskýrslu.

Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að afleiðingar slyssins hafi verið þær, sem læknisvottorð og örorkumat styðjist við og eru grundvöllur að málátilbúnaði stefnanda.

Rótleysi hafi einkennt æviferil stefnanda. Skólaganga hafi verið lítil eftir barnapróf. Hún hafi illa tollað í vinnu og skipt oft um vinnustað. Síðasti vinnustaður stefnanda fyrir slysið hafi verið í framköllunarfyrirtæki, og hafi vinnuveitandi hennar þar, Birgir Þórisson, borið, að hana hafi skort hæfileika til einbeitingar.

Þá sé rétt að vekja athygli á meinlegum villum í læknisvottorði Elíasar Ólafssonar, en þar sé sambýlismaður ranglega titlaður eiginmaður. Þá sé ekki vitað annað en þau hafi fyrst kynnst í mars 1992, en mikið sé lagt upp úr frásögn „eiginmanns“ um ástand stefnanda fyrir og eftir slys. Sé nauðsyn á, að framangreint sé skýrt með viðhlítandi hætti.

Málátilbúnaði stefnanda, að því er tekjutap varði, sé harðlega mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Tjónsútreikningur orki tvímælis. Í útreikningi tryggingafræðings séu lagðar til grundvallar meðaltekjur iðnaðarmanna. Ekki sé vitað, hvort stefnandi hafi lokið grunnskólaprófi og eigi því möguleika á að afla sér einhvern sérmenntunar síðar á lífsleiðinni.

Miskabótakröfu stefnanda sé mótmælt sem allt of hárrí. Miski sé bætur fyrir þjáningar og lýti. Ekki sé vitað um nein lýti á stefnanda, sem rekja megi til slyssins. Þjáningar stefnanda séu hverfandi umfram það, sem innifalið sé í örorkumati. Mótmælt sé allt of háu verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda.

Sýknukrafa stefnda Þórs Skjaldberg hvíli m. a. á þeirri málsástæðu, að hann hafi aldrei orðið skráður eigandi vélsleðans. Samkvæmt 63. gr. umfl.

skal skrá torfærutæki, áður en það er tekið í notkun. Skráningarskyldan hvíli augljóslega á innflytjandanum, stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf., sbr. 2. gr., 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 523/1988. Stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. hafi og borið skylda til að sjá um, að vélsleðinn væri tryggður lögmætri vátryggingu, áður en hann væri tekinn í notkun. Stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. hafi og mátt vera ljóst, hvaða afleiðingar það gæti haft að sinna ekki skráningar- og vátryggingarskyldu. Stefndi Þór Skjaldberg hafi verið í góðri trú. Hann hafi átt viðskipti við aðila, er hafi haft áratugareynslu í innflutningsverslun og gjörþekkt þær skyldur, sem á innflytjanda hvíldu. Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. gangi aldrei formlega frá eignayfirfærslu og sé því eigandi í skilningi umferðarlaga, og komi því hugtakið „umráðamaður“ ekki frekar til greina, því að á ábyrgð hans reyni því aðeins, að eiganda, skráðum eða skráningarskyldum, sé ekki til að dreifa. Leiði allt framangreint til þess, að sýkna beri stefnda Þór Skjaldberg vegna aðildarskorts.

Verði ekki á framangreint fallist, er og á það bent, að stefnandi hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi, í senn ekið ölvuð og á vítaverðum hraða. Þá hafi stefnandi ekki haft öryggishjálma á höfði, sem þó sé lögboðið, sbr. 1. mgr. 72. gr. umfl. nr. 50/1987. Þá sé og ástæða til að benda á, að stefnandi hafi ekki notað hlífðargleraugu, en telja meg, að það sé nauðsynlegt öku-
manni á vélsleða í snævi þöktu umhverfi, því að snjóbirta getur haft áhrif á sjóntaugar og þá um leið fjarlægðarskyn og getu til að greina misfellur í umhverfinu. Allt framangreint leiði til þess, að stefnandi verði að bera tjón sitt sjálf, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 88. gr. umfl. nr. 50/1987. Þá meg og vísa í skilmála fyrir ökumannstryggingu. Að auki sé vísað til áratuga-dómvenju um afleiðingar eigin sakar tjónþola. Þá sé því haldið fram, að hagræði af eingreiðslu bóta eigi að koma sjálfstætt til lækkunar skaðabótakröfu stefnanda svo og á 2. tl. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 með áorðnum breytingum um skattalega meðferð skaðabóta.

Stefndi leggja fram skriflega aðilaskýrslu um málsatvik og ljósmyndir máli sínu til stuðnings með vísan til 3. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Krafan um virðisaukaskatt á málskostnað sé reist á lögum nr. 50/1988.

Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Málsástæður og lagarök stefnda Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar og Vélsleðatjónustunnar.

Um málavexti varðandi aðdraganda slyssins 2. júní 1990 og atvik varðandi meðstefndu kveðst stefndi Brynjólfur Gunnar vísa til greinargerðar stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf.

Í janúarmánuði 1990 hafi Þór Skjaldberg fært í tal við stefnda Brynjólf Gunnar, að hann hefði í huga að fá sér nýjan vélsleða af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650, í stað eldri sleða, sem hann átti af gerðinni Arctic Cat, Cheetah. Stefndi Brynjólfur Gunnar reki einkafyrirtæki sitt, Vélsleðaþjónustuna, í húsum stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. og annist viðgerðir á sleðum, sem það fyrirtæki flytji inn. Umtalsverð viðskipti séu þarna á milli í varahlutum og afsláttarsamningum. Stefndi Þór hafi haft hug á að fá sérstakan búnað í sleðann, sem hann hugðist kaupa, til að auka afl hans, og hafi breytingar, sem gera þurfti, átt að fara um hendur stefnda Brynjólfs Gunnars.

Stefndi Brynjólfur Gunnar hafi verið að kaupa sleða af Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. af sömu gerð og Þór sóttist eftir, og þar sem hann hafi átt að vinna að breytingunum, hafi orðið úr, að hann hafi tekið út á sinn reikning tvo sleða, annan handa sér og hinn handa Þór. Síðan hafi sleði Þórs verið tekinn í gegn og skipt um blöndunga og annað, sem til þurfti, og vegna viðskiptasambanda sinna hafi þeir hlutir, sem orðið hafi að víkja úr sleðanum fyrir nýjum, verið bakfærðir á reikning Vélsleðaþjónustunnar. Sleði Þórs hafi að öðru leyti verið greiddur Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. með peningum og eldri sleðanum, sem fór upp í. Stefndi Brynjólfur Gunnar hafi fengið greitt fyrir vinnu sína við breytingar og fyrir mismun á verði þeirra hluta, sem notaðir voru. Sleði sá, sem stefndi Þór hafi keypt, hafi verið forskráður af stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. og forskráður á þennan stefnda 23/6 1990 (sic). Ekkert afsal hafi verið gert á milli stefnda Brynjólfs Gunnars og stefnda Þórs, enda hafi þeir ekki átt önnur viðskipti sín á milli en verkið við breytingarnar.

Aðalkröfu sína um sýknu kveðst stefndi Brynjólfur Gunnar styðja nokkrum málsástæðum. Í fyrsta lagi sé það, að hann telji enga sönnun liggja fyrir um það, að hann hafi átt nokkra milligöngu um kaup stefnda Þórs á þeim sleða, sem stefnandi slasaðist á. Í skjölum stefnanda sé engin tjónstilkynning, og engin lögregluskýrsla hafi verið tekin af vettvangi. Engar upplýsingar hafi komið fram um grindarnúmer þess sleða, sem stefnandi ók, og málið gjörsamlega óreifað að þessu leyti. Verði hann ekki gerður ábyrgur fyrir slysi ókunnugrar stúlku norður á Drangajökli á sleða, sem hann viti ekki, hvort hann hafi átt nokkurn þátt í að selja. Sannist það við meðferð málsins, að um sé að ræða þann sleða, sem stefndi Brynjólfur Gunnar hafi aðstoðað stefnda Þór við að kaupa, sé á það bent, að engin sýnileg sönnunargögn, svo sem afsal, séu um það í þessu máli, að hann hafi selt stefnda Þór sleðann. Vörslur lausafjármuna séu tryggasta sönnunin fyrir eignarrétti ásamt öðru, og hann hafi einungis haft vörslur sleða Þórs þann tíma, sem

breytingar á honum hafi tekið, á sama hátt og hundraða annarra sleða, sem hann annist viðhald á. Vörslurnar hafi hann því ekki haft í eignarréttarlegu tilliti og aldrei verið skráður fyrir öðrum sleðum en þeim, sem hann hafi átt og notað sjálfur. Skráning vélknúins ökutækis sé einkum til að veita eiganda réttarvernd, sbr. 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Þar sem hann hafi því aldrei verið skráður, haft vörslur né gefið út afsal fyrir vélsleða tengdum stefnda Þór, sé vandséð, að hann verði tengdur við þetta bótamál.

Lögskytt sé að skrá vélsleða og vátryggja ábyrgðar- og ökumannstryggingu, sbr. 63. gr., 91. gr., 92. gr. og 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. gr., 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 523/1988, en vélsleði sé skráningarskytt ökutæki skv. 63. gr. umferðarlaga, nánar tiltekið „torfærutæki“, sbr. skilgreiningu 2. gr. laganna. Í 2. gr. reglugerðar nr. 523/1988 um skráningu ökutækja komi fram, að skráningarskyldan hvíli á eiganda ökutækis. Frá þessu sé einungis ein undantekning, þ. e., ef einhver á vegum eiganda hafi umráð ökutækis. Sömuleiðis hvíli vátryggingarskyldan á eiganda ökutækis, sbr. 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þarna séu ýmsar reglur, sem lögfestar séu til að koma skipulagi á ofangreind mál á sama hátt, og í sömu lögum séu reglur um skipan umferðar, svo að öll þessi mál séu ekki í „kaos“. Viðurlög við því að fara ekki eftir þessum fyrirmælum séu refsingar, sbr. 100. gr. laga nr. 50/1987. Menn verði ekki bótaskyldir fyrir að fylgja ekki þessum fyrirmælum. Annað þurfi að koma til, atvik, sem falli inn í reglur skaðabótaréttar utan samninga eða innan.

Hafi stefndi Brynjólfur Gunnar selt þann sleða, sem slysið varð á, verði að benda á þá staðreynd, að ekki séu í lögum ákvæði, sem skyldi seljanda til að skrá vélsleða eða tryggja lögboðnum tryggingum.

Um ætlaða ábyrgð stefnda Brynjólfs Gunnars að skaðabótarétti sé eftirfarandi tekið fram: Eitt af skilyrðum bótaskyldu sé orsakarsamband og vávæn afleiðing. Orsakarsamband verði að vera milli saknæmrar athafnar eða athafnaleyfis og tjóns, og tjónið verði að vera afleiðing. Ekki sé hægt að sjá orsakarsamband milli þess, að stúlka slasist á vélsleða við Drangajökul, og þess, að stefndi Brynjólfur Gunnar hafi milligöngu um, að meðstefndi Þór kaupi sér vélsleða, sem hann aftur láni stefnanda, ef sá sé sleðinn. Tjón stefnanda geti ekki verið afleiðing þessarar milligöngu. Hafi stefnda Brynjólfi Gunnari borið skylda til að kaupa ökumannstryggingu til hagsbóta fyrir stefnanda, sé kannski hægt að benda á vægt orsakarsamband og tjónið sem afleiðingu ákveðins athafnaleyfis. Stefnda Brynjólfi Gunnari hafi hins vegar ekki borið nein skylda til þess að gera þann samning við vátryggingafélag. Stefndandi bendi máli sínu til stuðnings á Hrd. 1978, bls. 379, og sé því

mótmælt, að hann hafi nokkurt fordæmisgildi í þessu máli. Dómur sá hafi byggst á samningsbroti, því að ekki hafi verið staðið við það ákvæði a-liðar 17. gr. svonefnds vertíðarsamnings að kaupa slysstryggingu fyrir skipstjórnann á vb. Dagnýju, SF 61. Engan slíkan samning hafi neinn af stefndu þessa máls gert við stefnanda og því ekki hægt á samningsbroti að byggja. Ákvæði laga um skráningu og tryggingu og brot á þeim ákvæðum baki ekki bótaskyldu, heldur einungis refsíábyrgð, eins og önnur brot á umferðarlögum.

Niðurstaða.

Stefnandi varð fyrir alvarlegu vélsleðaslysi 2. júní 1990 og hefur höfðað mál þetta gegn stefndu til heimtu skaðabóta vegna afleiðinga þess. Málið er sprottið af því, að vélsleði sá, er stefnandi ók, er hún slasaðist, var hvorki skráður í ökutækjaskrá né vátryggður. Er því haldið fram, að bótaábyrgð stefndu byggist á því, að þeir eigi sök á því, að ökutækið var ekki tryggt lögboðinni ökumannstryggingu, sem myndi hafa bætt tjón stefnanda.

Stefndu halda því fram, að eigin sök stefnanda hafi verið slík, að hún myndi engar bætur hafa fengið úr ökumannstryggingu, jafnvel þótt vélsleði sá, sem hún ók, hefði verið skráður og tryggður, svo sem lög mæla fyrir um. Hún eigi sjálf alla sök á slysinu og hafi firrt sig bótaábyrgð með því að vera drukkin, aka mjög glannalega, gáleysislega og hratt, taka ekki áminningum og nota ekki öryggishjál.

Þá er deilt um bótagrundvöll og bótafjárhæð.

Þykir rétt að fjalla fyrst um það ágreiningsefni, hvort stefnandi kynni að hafa firrt sig bótarétti með eigin gerðum.

Ekki var tekið blóðsýni til að staðreyna alkóhólmagn í blóði stefnanda eftir slysið. Engin lögreglurannsókn fór fram vegna slyssins fyrr en dagana 20. júní til 7. júlí 1991, ári síðar, og þá að beiðni lögmanns stefnanda. Yfirheyrð voru Þór Skjaldberg, Jón Hinrik Garðarsson, Bryndís Bjarnadóttir, Páll Kári Pálsson og stefnandi og haft símasamband við Gunnar Brynjólfsson. Um áfengisneyslu stefnanda sagði Þór: „Berglind var búin að fá sér eitthvað af bjór og koníaki, áður en slysið varð.“ Jón Hinrik sagði: „Þegar áð var við Hljóðabungu, þá veit ég til þess, að Berglind fékk sér bjór og koníak; ég veit þó ekki, hversu mikið.“ Bryndís sagði: „Áður en slysið varð, hafði Berglind drukkið bæði bjór og koníak; ég veit ekki, hversu mikið af hvoru.“ Páll Kári sagði: „Síðar heyrði ég það haft eftir áhöfn þyrlunnar, að það hefði verið áfengislykt af Berglindi. Ég sá hana þó ekki sjálfur drekka neitt.“ Engin rannsókn fór fram á vélsleðanum sjálfum. Gögn liggja fyrir

um það, að lögreglan í Reykjavík reyndi haustið 1994 að grafast fyrir um það símleiðis, hvernig sölu sleðans hefði verið háttað.

Við aðalmeðferð málsins rúmunum fjórum árum eftir slysið komu aðilar fyrir dóminn og fjölmörg vitni. Samkvæmt framburði þeirra drukku ferðafélagarnir fjórir eitthvað af bjór á leiðinni frá Reykjavík til Bjarnarfjarðar í Strandasýslu 1. júní 1990. Hversu mikið stefnandi drakk og hversu lengi og hversu mikið hún svaf aðfaranótt 2. júní, er óupplýst. Stefnandi sjálf kveðst ekkert muna, frá því rétt áður en þau lögðu af stað frá Reykjavík og þar til á síðasta degi dvalar sinnar á spítalanum. Vegna augljósra og mikilla hagsmuna stefnda Þórs Skjaldberg af úrslitum málsins er ekki unnt að leggja framburð hans um áfengisneyslu stefnanda til grundvallar. Að eigin sögn veitti hann stefnanda áfengi jafnframt því að fela henni stjórn ökutækis.

Að sögn stefnda Þórs lögðu þau af stað frá Klúku í Bjarnarfirði á milli klukkan átta og níu um morguninn 2. júní. Þau fóru fyrst til Hólmavíkur og síðan upp á Steingrímsfjarðarheiði. Samkvæmt flugdagbók Landhelgisgæslunnar kom útkall um sjúkraflug kl. 19.05. Koma þessar tímasetningar heim og saman við framburð vitnisins Páls Kára Pálssonar um, að vélsleðaferðin hafi varað í sex til átta klukkustundir.

Stefndi Þór kveðst hafa keypt vodka til ferðarinnar, og ber hann og vitnin Bryndís Bjarnadóttir og Jón Hinrik Garðarsson, að vodka hafi verið drukkið, á meðan hópurinn var að ferðbúast á Steingrímsfjarðarheiði. Það dregur úr vægi þessa framburðar, að ekkert þeirra minntist á vodka í lögregluskýrslu þeirri, sem tekin var ári eftir slysið og rakin er hér að framan. Samkvæmt þessum framburði mun stefnandi hafa drukkið eitt glas af vodkablöndu og samkvæmt framburði Jóns Hinriks einn bjór, á meðan þau voru að ferðbúast í sleðaferðina á Steingrímsfjarðarheiði að morgni slysdagsins 2. júní. Fjórmenningarnir áðu, þegar þau voru komin u. þ. b. hálfa leið að Drangajökli. Hvorugt vitnanna, Bryndís eða Jón Hinrik, mundu eftir, að neytt hefði verið áfengis í það sinn. Þar sem framburður stefnda Þórs verður ekki lagður til grundvallar um áfengisneyslu stefnanda, þykir ósannað, að stefnandi hafi neytt áfengis í það sinn. Fjórmenningarnir sameinuðust hópi fjölskyldufólks í vélsleðaferð, þegar komið var að jöklinum, og síðar var áð á svonefndri Reyðarbungu, og borðað þar hádegisnesti. Vitnið Bryndís hefur borið, að stefnandi hafi þar verið með bjórflösku, en gat ekki borið um, hvort hún hefði drukkið úr henni. Upplýst er, að stefnandi bar ferðapela við belti sér, og telja vitnin Bryndís og Jón Hinrik, að á honum hafi verið koníak. Framangreind vitni segjast hafa séð hana fá sér einn sopa úr pelanum, og báðum hefði hún boðið að fá sér úr pelanum. Ekki er ljóst, hvort hér var um eitt og sama skipti að ræða eða fleiri. Vitnin Páll Kári

Pálsson, Sigurjón Pétursson, Erlingur Þór Guðmundsson og Örn Ottesen Hauksson kváðust allir hafa séð stefnanda og/eða fjórmenningana staupa sig. Ekki er ljóst, hvort hér var um að ræða eitt skipti eða fleiri. Enn fremur bar vitnið Þórunn Oddsdóttir, að hún hefði séð stefnanda fá sér sopa úr pela, sem hún bar um hálsinn, er hún talaði við hana, nokkru áður en slysið varð. Enginn annar hefur borið um áfengisdrykkju stefnanda, eftir að áð var í hádeginu. Eftir slysið var pelinn tómur, tappalaus og beyglaður. Ekki er unnt að draga þá ályktun af því, að allt áfengið hafi verið drukkið úr honum. Ljóst er, að stefnandi hafði drukkið áfengi um daginn, og er því eðlilegt, að áfengislykt væri af henni, eftir að hún hafði kastað upp við slysið. Ekki verður ályktað með neinni vissu af framangreindum vitnisburðum um það magn, sem stefnandi hafði drukkið, eða um áfengisáhrif, þegar slysið varð. Ekkert vitni hefur borið um greinileg ölvunareinkenni á stefnanda. Vitnin Jón Þór Hjaltason, Bryndís Bjarnadóttir, Páll Kári Pálsson, Sigurjón Pétursson, Örn Ottesen Hauksson og Þórunn Oddsdóttir töldu þó öll, að hún hefði verið undir áfengisáhrifum, og hafa nefnt þeirri ályktun til stuðnings háttsemi hennar, kæruleysislega framkomu, aksturslag og tilsvör og að það hefði verið umtalað í hópnum. Framangreind vitni hafa öll borið, að akstur stefnanda hafi verið glannalegur og kæruleysislegur, og virðist svo hafa verið alla ferðina. Áður en slysið varð, hafði hún einu sinni velt sleðanum og meitt sig eitthvað og einu sinni fest sleðann þannig, að hún þurfti aðstoð við að losa hann. Vitnin Sigurjón Pétursson, Erlingur Þór Guðmundsson, Jón Hinrik Garðarsson og stefndi Þór Skjaldberg bera, að þeir hafi beðið hana að aka varlega eða veitt henni tiltal fyrir kæruleysislegan akstur, vegna þess að þeir töldu ýmsar hættur leynast á jöklum, stefnanda ekki hafa fullt vald á sleðanum og stærri hópurinn í fjölskylduferð og því mörg börn með. Allt eru þetta reyndir vélsleðamenn. Virðist stefnandi hafa tekið þessum aðfinnslum illa og ekki látið skipast. Stefnandi hafði áður ekið vélsleða, en hafði ekki mikla æfingu í því, að því er næst verður komist. Sleðinn, sem hún ók, var kraftmikill.

Slysið varð, þar sem farið var niður af jöklinum, í svonefndum Unaðsdal. Rennur á niður dalinn. Komið var fram í júnímánuð og snjó því byrjaður að síga, þar sem snjóbreiðan liggur yfir ána eða aðrar dældir. Stærstur hluti hópsins virðist hafa farið niður í einfaldri röð á litlum hraða og þrætt fram hjá öllum snjósigum. Hraðinn á lestinni er af flestum vitnum sagður hafa verið 10 til 15 km/klst., og fór reyndur maður fyrir og á eftir. Virðist þessi hópur hafa verið kominn niður í fjöru, þegar slysið varð. Nokkrir, sem síðar komu, virðast hafa farið nokkurn veginn beint niður í dalinn eða utan slóða, og kváðust flestir hafa verið á 40 til 50 km/klst. hraða og haft gát á

snjósígunum. Ber þeim saman um, að sá hraði hafi verið öruggur og eðlilegur við þessar aðstæður. Flestum bar saman um, að svæðið hefði ekki verið hættulegt þeim, sem æki eðlilega og hefði þekkingu á vélsleðaakstri og aðstæðum, þar sem slíkur akstur fer fram, en hins vegar hafi svæðið verið viðsjárvert vegna snjósíga í dalbotni. Skyggni var talið hafa verið gott. Upplýst er, að rétt áður en slysið varð, ók stefnandi beint niður hlíðina á allmiklum hraða og fór fram úr þeim, sem á undan voru. Telja vitnin að slysinu, Páll Kári og Jón Hinrik og stefndi Þór, að hraði hennar verði áætlaður 80 til 90 km/klst. Erlingur Þór kveður hana hafa ekið fram úr sér skömmu áður á 80 til 100 km/klst. hraða, en kveðst ekki hafa séð slysið.

Mörg vitni töldu, að notkun öryggishjálms myndi hafa dregið úr eða jafnvel komið í veg fyrir meiðsli stefnanda.

Bótaréttur kann, hafi svo verið um samið, að glatast, hafi maður valdið váttryggingaratburði í ölæði, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954. Lagðir hafa verið fram í málinu skilmálar þriggja váttryggingarfélaganna um slysatryggingu ökumanns, og eru þeir samhljóða um missi bótaréttar. Má gera ráð fyrir því, að viðkomandi tryggingarfélag, hefði sleðinn verið tryggður, myndi hafa sett slíka skilmála. Orðalag er þar mun víðara, notuð orðin: „undir áhrifum áfengis“. Í váttryggingarskilmálum verða ekki sett þrengri skilyrði fyrir bótagreiðslu en váttryggingarlög leyfa. Auk þess er ekki kveðið fastar að orði en svo, að „réttur til váttryggingarbóta geti fallið niður samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga“. Ákvæði laganna eru skýrð þannig, að viðkomandi verði við tjónsatburð að teljast óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. viðmiðunarmörk 3. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987. Blóðsýni var ekki tekið, og þykja stefndu ekki hafa sannað með þeim vitnaframburði, sem rakinn hefur verið, að stefnandi hafi verið svo ölvuð, er slysið varð, jafnvel þótt hún hafi verið undir áhrifum áfengis, að varðað hefði bótamissi. Enn fremur er ósannað, að áfengisneyslan hafi verið aðalorsök hegðunar þeirrar, sem leiddi til slyssins. Samkvæmt framburði vitna virðist hegðunarmynstur stefnanda hafa verið svipað alla ferðina og angrað samferðafólk. Verður af framangreindum ástæðum ekki fallist á, að stefnandi hafi fyrirgert bótarétti sínum vegna ölvunar.

Stefnandi hafði öryggishjalm meðferðis, en var ekki með hann, þegar slysið varð. Eins og atvikum slyssins er lýst, eru líkur til þess, að dregið hefði úr meiðslum stefnanda, hefði hún haft öryggishjalminn. Hins vegar er ljóst, að það var ekki tilgangur löggjafans með því að lögbinda notkun öryggishjálma við akstur vélknúinna ökutækja að fella niður bótarétt þeirra tjónþola, sem ekki höfðu notað slík öryggistæki. Á þeim tíma, er slysið varð, tóku reglur um hlífðarhjálm ekki beint til aksturs torfærutækja, sbr. lög nr. 44/1993 um breytingu á 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ekki var um skipulega ferð að ræða með sérstökum leiðsögumanni. Er sú málsástæða því ekki tekin til greina, að stefnanda hafi borið að fara að förmælum fararstjóra um akstur niður Unaðsdal, og varðar ekki gáleysismat.

Með framburði vitna verður að telja upplýst, að stefnandi hafi, þegar slysið varð, ekið þó nokkuð hraðar en aðrir og hraðar en skynsamlegt var, en þó ekki hraðar en svo, að reyndir vélsleðamenn meðal vitna töldu, að þeir sjálfir hefðu komist klakklaust í gegnum snjósig þau, er stefnandi lenti í. Einnig verður að telja upplýst, að svæði það, sem slysið varð á, verði ekki talið hafa verið hættulegt þeim, sem hafa reynslu af vélsleðaakstri og aka með gát. Þá hefur komið fram, að þjálfun ökumanns vélsleða felst ekki síst í því að læra að meta aðstæður og bregðast rétt við þeim. Ljóst er, að stefnandi vanmat bæði hæfni sína til að stjórna ökutækinu og til að meta aðstæður og að hún ók of hratt miðað við aðstæður. Telst þetta vera talsvert gáleysi af hennar hálfu. Það þyngir gáleysismatið til muna, að sannað þykir með framburði vitna, að stefnanda hafi margsinnis verið bent á, að akstur hennar væri glannalegur, og á þær hættur, sem væru því samfara, en hún virt í engu þessar aðfinnslur. Enn fremur þyngir það gáleysismatið, að hún ók glannalega vitandi vits um að hafa neytt áfengis, en áhrif þess eru alkunn. Þótt skilgreining á hugtakinu stórkostlegt gáleysi sé mun þrengri í vátryggingarrétti en í skaðabótarétti, þykir öll háttsemi stefnanda vera slík, að hún þykir af þeim sökum verða að bera tjón sitt sjálf að hálfu leyti samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954.

Vélsleðinn, sem stefnandi ók, var ekki skoðaður eftir slysið, og verður það að teljast ámalisvert, þar sem um alvarlegt slys var að ræða. Vitni og aðilar hafa upplýst, að breytingar hafi verið gerðar á blöndungi sleðans til að auka afl hans, en búið hafi verið að færa þetta til upprunalegs horfs, áður en slysið varð. Er við þetta miðað við úrlausn málsins.

Það var ekki fyrr en við aðalflutning málsins, að það upplýstist, hvernig að sölu vélsleða þessa hafði verið staðið. Innflytjandi sleðans var stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., og var ökutækið forskráð til skráningarviðurkenningar af honum 23. janúar 1991. Samkvæmt vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf., dags. 5. desember 1994, er skráning óbreytt frá forskráningu og umráðamaður ökutækisins þannig skráður Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. Stefndi Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson rekur einkafyrirtæki sitt, Vélsleðaþjónustuna, í húsnæði í eigu stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. og er í samstarfssamningi við þann stefnda, með því að hann standsetur nýja sleða og sér um ábyrgðarviðgerðir út í reikning, fer í söluferðir o. fl. Einnig annast hann almenna viðgerðaþjónustu vélsleða. Stefndi

Pór Skjaldberg mun hafa komið að máli við stefnda Brynjólf Gunnar og tjáð honum, að hann óskaði eftir að kaupa vélsleða af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650, sem hann „gæti“ ekki skráð á sitt nafn. Upplýst er, að Brynjólfur Gunnar tók vélsleða þennan út í reikning hjá Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. í þágu stefnda Pórs Skjaldberg og afhenti honum hann í janúar 1990. Greiðslukvittun er gefin út til Vélsleðapjónustunnar af Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. 28. febrúar 1990. Stefndi Pór greiddi sleðann með notuðum sleða og ávísunum, sem voru ekki innleystar strax, veitti honum viðtöku í janúar 1990 og hóf notkun hans skömmu síðar. Telst hann því ótvírætt hafa verið eigandi sleðans, er slysið varð. Stefndi Brynjólfur Gunnar bar, að mál þetta hefði legið nokkurn tíma ólokið í bókhaldi sínu, en hann hefði að lokum skrifað það út á staðgreiðslunótu. Stefndi Pór virðist engin gögn hafa fengið með sleðanum. Taldi stefndi Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson sig hafa gögn um sleðann einhvers staðar í fórum sínum. Nú er upplýst, að stefndi Pór ætlaði sér ekki að skrá vélsleðann á sitt nafn og að Brynjólfi Gunnari var um þetta kunnugt. Kvað hann Pór hafa ætlað að koma með annað nafn til þess að skrá sleðann á síðar, en ekki gert það. Engu að síður afhenti Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson honum sleðann og tilkynnti ekki eigendaskipti. Af þessu er ljóst, að stefndi Vélsleðapjónustan eða Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson vissi um og studdi stefnda Pór í því að fara í kringum lögbundna skráningarskyldu.

Ekki er fullljóst, hvers eðlis réttarsamband stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. og Vélsleðapjónustunnar var í tengslum við þessi viðskipti. Af hálfu stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. hefur því verið haldið fram, að bæði um umsýslu og eiginleg kaup hafi verið að ræða. Við endanlegan málflutning var lögð áhersla á hina síðari málsástæðu og að reglur lausafjárkaupalaga ættu við um hana. Af hálfu Vélsleðapjónustunnar var því mótmælt, að þessi viðskipti hefðu verið slík, að stofnast hafi eignarréttur Vélsleðapjónustunnar að sleðanum. Vélsleðapjónustan virðist ekki almennt hafa selt nýja sleða, og hafi hér verið um undantekningartilvik að ræða. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir voru gögn um slysasleðann engin lögð fram fyrr en við aðalflutning málsins, þegar lögð var fram kvittun frá stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. til stefnda Vélsleðapjónustunnar, sem sögð er vera vegna þessa sleða. Á henni kemur fram verksmiðjunúmer og fastanúmer ökutækisins MS 592. Skilja verður framburð stefnda Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar svo, að hann hafi keypt tvo sleða til að selja aftur, annan til bráðabirgða fyrir stefnda Pór sem „vinargreiða“, þar sem stefndi Pór hafi sagst ekki geta skráð sleðann á sitt nafn og hafi greitt að hluta með ávísunum, sem þá hafi ekki enn verið innstæða fyrir. Hefði Pór ekki getað

haft þennan hátt á, ef hann hefði verslað beint við stefnda Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., þar sem viðskipti skráist þar í stíft tölvukerfi. Til hafi staðið, að Þór útvegaði einhvern annan til að vera formlegur eigandi sleðans. Stefndi Brynjólfur Gunnar afhenti síðan stefnda Þór sleðann óskráðan og ber við vankunnáttu sinni á lagaákvæðum. Fram hefur komið, að hann átti sjálfur vélsleða.

Eina sönnunargagnið um viðskipti þessi, sem lagt hefur verið fram í málinu, er greiðslukvittun stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. til stefnda Vélsleðabjónustunnar, dags. 28. febrúar 1990. Af henni verður ekki séð, að Vélsleðabjónustan hafi fengið þóknun fyrir umsýslu í þessum viðskiptum. Í ljósi þess, að fullyrðingar og framburður aðila um eðli þessara viðskipta hafa verið á reiki, þykir verða að treysta þeim upplýsingum, sem ráðnar verða af þessu skjali, sem sé, að um eiginleg kaup hafi verið að ræða og kvittun verið gefin út síðar, e. t. v. þegar lokagreiðsla barst, en upplýst er, að ávísanir frá Þór Skjaldberg hafi verið geymdar hjá Vélsleðabjónustunni í einhvern tíma, áður en þær voru innleystar. Af þessu leiðir, að líta verður svo á, að stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. hafi vanrækt að tilkynna Vélsleðabjónustunni sölu sleðans. Stefnda Brynjólfri Gunnari Brynjólfssyni bar þá að skrá vélsleðann á nafn Vélsleðabjónustunnar. Hefði verið um umsýslusölu að ræða, bar honum að tilkynna Bifreiðaskoðun Íslands hf. f. h. Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. um sölu sleðans til Þórs Skjaldberg. Ekki verður séð, að það söluþyrirkomulag hefði firrt stefnda Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. ábyrgð á, að tilkynningarskylda væri fullnægt, þar sem eignarrétturinn færir beint frá innflytjanda til kaupanda.

Frumskylda um skráningu ökutækis hvílir á innflytjanda; hann verður að sækja um skráningarviðurkenningu og afhenda ökutækjaskrá gögn, svo að ökutæki verði fært í forskrá, sbr. 4. gr. rgl. nr. 523/1988. Er forskráning tryggt með því, að ella verður ökutækið ekki tollafgreitt. Bifreiðaskoðun Íslands hf. gefur þá út forskráningarblað, sem innflytjanda ber síðan að framselja kaupanda, til þess að ökutækið verði lögskráð.

Þegar eigendaskipti verða á ökutæki, skulu samkvæmt 20. gr. rgl. nr. 523/1988 bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi senda Bifreiðaskoðun Íslands hf. skriflega tilkynningu innan sjö daga um eigendaskiptin, og á hið sama við um breytingu á skráningarskyldum umráðum ökutækis. Telja verður, að þessi skylda nái til innflytjanda, sbr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. sömu rgl., þannig, að forskráningu verði breytt í lögskráningu (nýskráningu) ökutækis við sölu til notanda. Verður að telja, að á innflytjanda hvíli tilkynningarskylda til Bifreiðaskoðunar Íslands hf. Í framkvæmd sér innflytjandi eða söluaðili að jafnaði um, að ökutæki sé lögskráð, áður en það er afhent kaupanda. Við

sölu umsýsluaðila færist eignarrétturinn á sama hátt frá innflytjanda til kaupanda, og framselur umsýsluaðilinn ökutækið f. h. innflytjanda, þar sem ökutækið er forskráð á nafn hans, og tilkynnir bifreiðayfirvöldum þar með um breytingu á eignaraðild. Þegar byrjað var að flytja vélsleða til landsins, mun hafa verið óljóst um skilgreiningu á þeim og skráningarskyldu. En er umrætt slys verður, eru vélsleðar ótvírætt skráningarskyldir. Vélsleði er vélknúið ökutæki og torfærutæki í skilningi 2. gr. umferðarlaga nr. 54/1980, og er það skráningarskylt skv. 63. gr. umfl., þannig, að áður en ökutækið er tekið í notkun, skal það skráð og skráningarmerki sett á það. Deilt er í málínu um merkingu hugtaksins „notkun“ í þessu samhengi. Þykir eðlilegt að skýra það svo, að ökutæki sé tekið í notkun, þegar það er afhent kaupanda tilbúið til notkunar.

Niðurstaða þessa er því sú, að bæði stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvél-ar hf. og stefndi Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson f. h. Vélsleðapjónustunnar hafi vanrækt tilkynningarskyldu um eigendaskipti ökutækis þess, sem slysið varð á. Það, að þeirri skyldu er ekki fullnægt, hefur það í för með sér, að bifreiðaeftirliti er ekki kunnugt um það, að ökutækið hefur verið selt kaupanda, og þannig er ekki ljóst, að lögskráning hefur verið vanrækt og óskráð ökutæki komið í umferð. Stefndi Þór telst hafa vanrækt skráningarskyldu sína sem eigandi ökutækisins af ásetningi og stefndi Vélsleðapjónustan aðstoðað hann við það. Stefndu þykja allir hafa borið ábyrgð á því, að vélsleðinn væri ekki tekinn í notkun, nema hann væri skráður lögum samkvæmt.

Lögskráning vélknúins ökutækis er m. a. tæki til að tryggja, að framfylgt sé ákvæðum um lögbundna tryggingu, þar sem lögskráning verður ekki gerð, nema sannað sé, að lögbundnar tryggingar séu í gildi, sbr. 1. mgr. 12. gr. rgl. nr. 307/1988 og 3. mgr. 4. gr. rgl. nr. 523/1988. Skyld er að kaupa ábyrgðartryggingu á skráningarskyld vélknúið ökutæki samkvæmt 91. gr. umfl., og einnig skal tryggja ökumann skráningarskylds vélknúins ökutækis, og gildir sú trygging fyrir hvern þann ökumann, sem tækinu stjórnar, sbr. 1. mgr. 92. gr. umfl. Vátryggingarskyldan hvílir á eiganda ökutækis eða þeim, sem hefur varanleg umráð þess, sbr. 1. mgr. 93. gr. umfl.

Almenna reglan er sú, að öllum eigendum vélknúins ökutækis er skyld að kaupa ökumannstryggingu, og er sú skylda talin hvíla á raunverulegum eiganda þess, sé hann annar en formlegur eigandi. Hafi annar en eigandi varanleg umráð ökutækisins, færist þessi skylda yfir á hann. Samkvæmt 2. gr. og 3. gr. rgl. nr. 523/1988 gæti þar verið um að ræða til dæmis innflytjanda eða umráðamann samkvæmt afnotasamningi. Sömu aðilar bera ábyrgð á því, að ökutæki sé skráð, sbr. 2. gr. rgl. nr. 523/1988. Raunverulegur eigandi

vélsleðans, þegar slysið varð, var stefndi Þór Skjaldberg; hann hafði keypt hann, notaði hann og hafði varanleg umráð hans. Stefndi Þór vanrækti váttryggingarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 93. gr. laga nr. 50/1987 og skráningarskyldu samkvæmt 1. mgr. 63. gr. sömu laga, sbr. 2. gr. og 5. gr. rgl. nr. 523/1988. Skráður umráðamaður ökutækisins er stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.; þótt ekki hvíldi á honum bein skylda til að kaupa lögboðna tryggingu, hvíldi bæði á honum og stefnda Brynjólfi Gunnari Brynjólfssyni skylda til að tilkynna sölu þessa ökutækis. Tilgangur þeirrar skyldu er m. a. að tryggja eftirlit með lögboðinni tryggingarskyldu. Ekki verður fallist á þá málástæðu, að stefnandi hafi haft umráð ökutækisins í skilningi þessara laga, þegar slysið varð.

Stefndu má hafa verið ljóst, að brot á skráningar- og váttryggingarskyldunni ylli því, að þolendur tjóns af völdum notkunar vélsleðans, ökumenn hans sem aðrir, nytu ekki váttryggingarverndar. Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins, að stefnandi myndi hafa fengið nokkrar bætur vegna tjóns af völdum slyss þess, sem mál þetta snýst um, úr lögboðinni ökumannstryggingu, hefði um hana verið að ræða. Tjón það, sem hún sækir í hendur stefndu, er fólgið í því, að sú trygging kom ekki til greina. Sem eigandi ökutækisins ber stefndi Þór Skjaldberg ábyrgð á því, að sleðinn var ekki tryggður. Stefndi Gunnar Brynjólfsson þykir vera samábyrgur með því að styðja stefnda Þór af ásetningi í því ólöglega athæfi að láta hjá líða að skrá og tryggja vélknúð ökutæki og með því að vanrækja tilkynningarskyldu um sölu ökutækisins. Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. þykir einnig hafa vanrækt tilkynningarskyldu sína um sölu vélsleðans. Það hafði þær afleiðingar, að bifreiðaeftirliti var ekki kunnugt um, að þessi sleði, MS 592, væri kominn óskráður í umferð og unnt var að vanrækja tryggingarskyldu. Tilgangur framangreindra lagaákvæða er að tryggja það, að vélknúin ökutæki séu skráð og tryggð lögboðnum tryggingum, og gegnir innflytjandi þýðingarmiklu hlutverki í því ferli. Leiðir þetta til þess, að stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. telst vera samábyrgur öðrum stefndu. Því hefur verið haldið fram í málinu, að hægt sé að tryggja ökutæki, án þess að það sé skráð; breytir þessi fullyrðing ekki framangreindri niðurstöðu.

Þá er um það deilt, hvort stefnandi hafi í raun hlotið þá örorku í slysinu, sem örorkumat hennar bendir til.

Við slysið fékk stefnandi þungt högg á kvið og höfuð samkvæmt útskriftarnótu lækna Borgarspítala, dags. 20. 6. 1990. Hún missti meðvitund við slysið, og að eigin sögn man hún ekki eftir sér, frá því áður en lagt var af stað frá Reykjavík og þar til á síðasta degi á spítalanum. Heimilislæknir

stefnanda á þessum tíma var Ólafur Mixa. Í örorkumati Sigurðar Thorlacius, dr. med., er vísað í vottorð Ólafs, dags. 9. september 1991. Annað vottorð hans, dagsett 7. desember 1993, hefur verið lagt fram í málinu. Áður en örorkumat var gert, var stefnandi einnig skoðuð af Elíasi Ólafssyni, sérfræðingi í taugasjúkdómum og klínískri taugalífedlisfræði, og er álit hans dags. 13. nóvember 1991, og taugasálfræðilegt mat gert af dr. Púriði J. Jónsdóttur taugasálfræðingi, dagsett 26. nóvember 1991. Örorkumat Sigurðar Thorlacius er síðan dagsett 3. febrúar 1992. Er þar stuðst við álitagerðir þeirra sérfræðinga, sem hér hafa verið taldir, ásamt skoðun og mati læknisins sjálfs. Niðurstaða þess er, að stefnandi hafi hlotið 50% varanlega örorku. Sami læknir framkvæmdi aftur mat 15. desember 1993 og komst þá að sömu niðurstöðu og í hið fyrra sinn. Allir þessir sérfræðingar komu fyrir dóminn sem vitni og gerðu nánari grein fyrir niðurstöðum sínum. Taldi enginn þeirra vafa á því, að stefnandi hefði orðið fyrir heilaskaða í slysinu. Niðurstaða örorkumatsins er svohljóðandi: „Um er að ræða tuttugu og fimm ára gamla konu, sem hlaut höfuð- og kviðarholsáverka í vélsleðaslysi 2. júní 1990. Var hún flutt í þyrlu á Borgarspítalann. Þar gekkst hún undir kviðarholsaðgerð, þar sem smáþarmar reyndust hafa rifnað. Jafnframt greindust dreifðar marbreytingar í vinstra hveli heila.

Í kjölfar höfuðáverkans hefur hún haft ýmiss konar einkenni varanlegs heilaskaða, einkum minnistrufun, skerta einbeitingarhæfni, persónuleikatrufanir, skerta hreyfigetu í hægri hendi og aukin taugaviðbrögð í hægri líkamshelmingi. Hún mun hafa haft tilhneigingu til þunglyndis fyrir slysið, en eftir það hefur komið fram verulegt þunglyndi. Þessi einkenni skerða vinnugetu hennar verulega.

Nú er liðið talsvert á annað ár, frá því að umrætt slys varð, og því er ekki að búast við umtalsverðum bata á afleiðingum þess.

Því er eðlilegt að meta nú tímabundna og varanlega örorku slösuðu af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin, sem hér segir:

Í sex mánuði	100%
Varanleg örorka	50%“

Af hálfu stefndu hefur verið bent á nokkrar villur í ofangreindum álitagerðum læknanna. Varða þær félagslegar upplýsingar um stefnanda. Stefndu hafa einnig haldið því fram, að þar sem sjúkrasaga stefnanda bendi til þunglyndistilhneigingar fyrir slys og hækkaðrar starfsemi skjaldkirtils, sé ósannað, að slysið hafi breytt ástandi hennar að þessu leyti.

Fram hefur komið í málinu, að sneiðmyndir af höfði stefnanda, teknar eftir slys, sýna blæðingar inn á heila. Mat læknanna er, að lýsingar stefn-

anda á einkennum sínum samsvari einkennum vegna heilaskaða af völdum höfuðhöggs. Taugasálfræðingurinn lagði fyrir hana stöðluð próf, sem ásamt samtölum leiddu til eftirfarandi niðurstöðu: „Þó svo að almenn vitræn geta þessarar stúlku sé nokkuð góð, fer ekki á milli mála, að um umtalsverða truflun á eðlilegri heilastarfsemi er að ræða. Þessi truflun eða heilaskaði er trúlega bundið við vinstri framheilaskvæði (orbitofrontal-, Broca- og motor-skvæði) og miðlæg heilakerfi. Skertur einbeitingarhæfileiki, yfirgripsmiklir minniserfiðleikar á alla þætti yrts og óyrts efnis, truflandi áhrif fyrri efnisþátta á minni, talörðugleikar, skert hreyfigeta hægri handar, ákveðnir sjónrænir erfiðleikar, brenglað bragð- og lyktarskyn og persónuleikabreytingar renna öll stóðum undir þessa kenningu. Þessar niðurstöður koma heim og saman við upplifun og lýsingu Berglindar sjálfar á eigin ástandi. Þunglyndi hennar og vonleysi stafa væntanlega af þeirri staðreynd, að dómgreind hennar er óskert og mat hennar á eigin ástandi raunsætt. Mér skilst, að liðið sé hátt á annað ár, frá því að slysið varð. Má því ætla, að frá taugasálfræðilegu sjónarmiði sé ástand Berglindar orðið nokkuð stabiliserað, og tel ég ráðlegt, að hún fái langtíma-stuðningsmeðferð hjá geðlækni eða sálfræðingi til að hjálpa henni að aðlagast breyttu ástandi sínu.“ Aðspurð fyrir dóminum kvað taugasálfræðingurinn Þuríður Jónsdóttir, að einkennum stefnanda hefðu ekki verið slík sem benda til skjaldkirtils eða efnaskiptatruflunar. Þá kvað hún enn fremur líklegt, að ef þunglyndiseinkenni hefðu komið fram fyrir slys, sem ylli heilaskaða, myndi það auka þau þunglyndiseinkenni, sem væru afleiðing slíks skaða. Sigurður Thorlacius læknir lét einnig í ljós það álit, að því spurður fyrir réttinum, að ef einkennum eins og þunglyndi eða hækkuð starfsemi skjaldkirtils hefðu komið fram fyrir slíkt slys, væru líkur til þess, að viðkomandi færi verr út úr slysinu. Kvað hann niðurstöðu sína reista á frásögn sjúklings, klínískri skoðun, vottorðum annarra lækna, niðurstöðum taugasálfræðingsins, sem væri reist á stöðluðum verkefnum, og niðurstöðum tölvusneiðmynda. Ólafur Mixa læknir, sem rannsakað hefur stefnanda bæði fyrir og eftir slys, kvaðst af samtölum sínum við stefnanda vera sannfærður um, að hún hefði hlotið heilaskaða í slysinu. Kvað hann skjaldkirtilsstarfsemi hafa mælst aukna á tilteknum tíma, en síðar ekki hafa mælst óeðlilega. Kvað hann þunglyndi stefnanda fyrir slys einkum hafa verið afleiðingu erfiðra tímabundinna aðstæðna.

Ekki þykir neitt hafa komið fram, sem gefi tilefni til þess að vefengja sérfræðilegt mat lækna og sálfræðings, að því er varðar skaða stefnanda. Verður ekki á það fallist, að framangreindar villur séu til þess fallnar að gera samhljóða mat sérfræðinga um læknisfræðilegt álítaefni tortryggilegt. Stefndu hafa ekki fært sönnur á fullyrðingar sínar um rótleysi og þunglyndi

stefnanda fyrir slys, sem ekki verður skýrt af þeim upplýsingum, er fyrir liggja um félagslegar aðstæður. Örorkumat dr. med. Sigurðar Thorlacius er því lagt til grundvallar um tjón stefnanda.

Örorkutjón stefnanda hefur tvisvar verið reiknað út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi, fyrst 9. júlí 1992 og síðan aftur 4. janúar 1995. Í hinu fyrra mati segir: „Með hliðsjón af því, hve ung Berglind er, áætla ég tekjur hennar framvegis jafnar 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna. Þær teljast nú vera 1.557.900 kr. á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar og 75% af því 1.168.400 kr.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1990, frá slysdegi	kr. 631.900	kr. 586.300
Árið 1991	– 1.150.200	– 575.100
Síðan árlega	– 1.168.400	– 584.600

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 536.700
Vegna varanlegrar örorku	– 8.988.200
Samtals	<u>kr. 9.524.900</u>

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku. Það verður 539.300 kr.“

Vaxtaforsenda eru vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags og eftir útreikningsdag 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir samskipti reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

Hinn síðari útreikningur tryggingastærðfræðingsins frá 4. janúar 1995 er reistur á alveg sömu forsendum og hinn fyrri, en tekið er fram, að Tryggingastofnun ríkisins hafi ekki greitt bætur vegna slyssins. Örlítil breyting hefur orðið á meðaltekjum iðnaðarmanna og vextir breyst vegna tímabilsins frá fyrri útreikningi til hins síðari. Niðurstaðan er, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknist á slysdegi vera:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 543.500
Vegna varanlegrar örorku	– 9.941.200
Samtals	<u>kr. 10.484.700</u>

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er áætlað 596.500 kr.

Stefndu halda því fram, að við ákvörðun bótafjárhæðar verði ekki farið eftir ofangreindum útreikningi, þar sem tekjuviðmiðunin sé í engu samræmi við raunverulegar tekjur stefnanda fyrir slys. Hún hafi verið tekjulág vegna stopullar vinnu og menntunarskorts.

Stefnandi kvaðst fyrir dómi hafa gagnfræðapróf, en ekki frekari skóla-göngu. Kvaðst hún hafa hætt í skóla 14 ára, þar sem hún átti þá von á barni, en farið síðar í kvöldskóla hjá Námsflokkum Reykjavíkur og lokið gagnfræðaprófi. Hún kvaðst hafa haft áform um að mennta sig frekar í ljósmyndun eða auglýsingateiknun. Hún er fædd í maí 1966, en sonur hennar í mars 1981, þegar hún var tæplega 15 ára gömul. Hann hefur fæðingargalla, holrúm í mænu, og hefur orðið að dveljast talsvert á sjúkrahúsum vegna þess. Í þrjú ár var hún í erfiðri sambúð. Á slysdegi var hún 24 ára. Samkvæmt skattframtölum, staðfestum af skattstjóranum í Reykjavík, voru vinnutekjur hennar árið 1986 242.056 kr., árið 1987 396.758 kr., árið 1988 165.542 kr., árið 1989 838.771 kr. og 1990 605.527 kr. Við mat á tekjum stefnanda fyrir slys verður að hafa í huga aldur hennar á hverjum tíma, sambúð og veikindi barns og það, að henni er metin 100% örorka frá byrjun júní 1990 í sex mánuði. Þegar litið er á vaxandi tekjuöflun hennar síðustu tvö ár fyrir slys, þykir ekki óeðlilegt að hafa hliðsjón af forsendum framangreinds örorkutjónsútreiknings við ákvörðun bóta, en rétt þykir að hafa einnig í huga tekjur fyrir og eftir slys og menntun. Stefnandi var ung, þegar slysið varð, og hafði búið við erfiðar félagslegar aðstæður. Verður því ekki fullyrt, að hún hefði ekki aflað sér frekari starfsmenntunar. Sá möguleiki er nú hins vegar verulega skertur.

Þegar tekið hefur verið tillit til eingreiðsluhagræðis, skattfrelsis bóta, tapaðra lífeyrisréttinda, litið til dómvenju og höfð hliðsjón af þeim forsendum, sem hér að framan hafa verið raktar um örorkumat og örorkutjón, þykir tjón stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hæfilega ákveðið 6.000.000 kr. Miski, sem einkum er vegna huglægra þjáninga og röskunar á stöðu og högum, þykir hæfilega ákveðinn 600.000 kr.; tjón samtals 6.600.000 kr. Stefnandi skal bera tjón sitt að hálfu leyti sjálf, og er stefndu því gert að greiða stefnanda in solidum 3.300.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá slysdegi 2. júní 1990 til þingfestingardags 16. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þegar höfð eru í huga þau mörgu álitaefni, sem upp hafa komið í máli þessu, þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Stefnandi nýtur gjafsóknar, og greiðist útlagður kostnaður hennar, 100.615 kr., úr ríkissjóði

auk þóknunar skipaðs talsmanns hennar, Hákonar Árnasonar hrl., 400.000 kr.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Þór Skjaldberg, Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. og Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson persónulega og f. h. Vélsleðapjónustunnar, greiði stefnanda, Berglindi Björnsdóttur, in solidum 3.300.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júní 1990 til 16. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Útlagður kostnaður stefnanda, 100.615 kr., og þóknun skipaðs talsmanns hennar, Hákonar Árnasonar hrl., 400.000 kr., greiðast úr ríkissjóði.

Málkostnaður milli aðila fellur niður.
